



Reykjavík 29. mars 2019

**Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags  
Nýlendugata 34  
samþykkt 09. 11. 2017.**

Höfundur deiliskipulagsins er Ydda arkitektar.

Breytingin felst í því að breytt er texta í skilmálum varðandi lóðarstærð og þar af leiðandi breytt nýtingarhlutfall. Ástæða breytingarinnar er sú að lóðin er minni en gildandi deiliskipulag tilgreinir. Samkvæmt gildandi lóðauppdrætti dags. 28. júní 2018, útgefnum af Landupplýsingadeild Reykjavíkurborgar, er lóð nr. 34 við Nýlendugötu 287m<sup>2</sup>.

**Texti gildandi skilmála er svohljóðandi:**

Tillagan hljóðar upp á að auka byggingarmagn um 125 m<sup>2</sup>, þar sem heildar byggingarmagn fer úr 400 m<sup>2</sup> í 525m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall fer úr 1,25 í 1,64.

**Tillaga að breyttum texta í skilmálum er svohljóðandi:**

Tillagan hljóðar upp á að auka byggingarmagn um 125 m<sup>2</sup>, þar sem heildar byggingarmagn fer úr 400 m<sup>2</sup> í 525m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall fer úr 1,64 í 1,83. Einnig er lóðarstærð breytt til samræmis við lóðablað.

Núverandi stærð lóðar er samkvæmt gildandi deiliskipulagi 312m<sup>2</sup> en verður 287m<sup>2</sup>.  
Núverandi leyfilegt nýtingarhlutfall er 1,64 en verður 1,83

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í/á skipulags- og samgöngutáðni þann 3.4. 2019

Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. i.f. var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda. Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 17. 4 2019.

  
Björn Axelsson